

## REGLUGERÐ

**um menntun, réttindi og skyldur næringarrekstrarfræðinga  
og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um næringarrekstrarfræðinga sem hafa starfsleyfi landlæknis skv. 2. gr.

### II. KAFLI

#### **Starfsleyfi.**

2. gr.

*Starfsheiti.*

Rétt til að kalla sig næringarrekstrarfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

3. gr.

*Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa BS-prófi í næringarrekstrarfræði frá háskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Einnig má veita starfsleyfi á grundvelli menntunar frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi næringarrekstrarfræðings sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011.

Pá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu prófi frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Umsækjandi um starfsleyfi sem næringarrekstrarfræðingur, skv. 2. gr., frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skal meðal annars leggja fram gögn um ríkisfang, innihald náms og námslengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi ef starfsgreinin er löggilt í því landi sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu starfsleyfis.

Áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf eftir atvikum að ligga fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf og matvælalöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnavaldsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta starfað sem næringarrekstrarfræðingur vegna öryggis.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda uppfylli kröfur skv. 1. mgr. er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af næringarrekstrarfræðingi. Viðeigandi menntastofnun skal skipuleggja prófið í samráði við landlæknin.

Starfsleyfi skv. 3. mgr. er gefið út við komu umsækjanda til starfa hér á landi.

4. gr.

*Umsagnir.*

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. á grundvelli menntunar utan Íslands skv. 3. mgr. 3. gr. skal landlæknir leita umsagnar Félags næringarrekstrarfræðinga um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um menntun skv. 1. mgr. 3. gr. fyrir útgáfu starfsleyfis.

Landlæknin er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

**III. KAFLI**  
**Réttindi og skyldur.**

5. gr.

*Faglegar kröfur og ábyrgð.*

Næringerrekstrarfræðingur skal sinna störfum sínum af árvekni og trúmannsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma.

Næringerrekstrarfræðingi ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Næringerrekstrarfræðingur skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðispjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmáli eftir því sem við á.

Næringerrekstrarfræðingur ber ábyrgð á eldhúsrekstri á heilbrigðisstofnunum og þeirri ráðgjöf sem hann veitir.

Næringerrekstrarfræðingur skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er.

6. gr.

*Upplýsingaskylda og færsla sjúkraskrár.*

Um upplýsingaskyldu næringarrekstrarfræðings gagnvart þeim sem hann veitir ráðgjöf fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um skyldu næringarrekstrarfræðings til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits og til gerðar heilbrigðisskýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Næringerrekstrarfræðingur skal, eftir því sem við á, fára sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

7. gr.

*Aðstoðarmenn og nemar.*

Næringerrekstrarfræðingur ber ábyrgð á því að aðstoðarmenn og nemar, sem starfa undir hans stjórn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsvogn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

8. gr.

*Trínaður og þagnarskylda.*

Næringerrekstrarfræðingur skal gæta fyllstu þagnarskyldu um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir næringarrekstrarfræðing undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem næringarrekstrarfræðingi ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber næringarrekstrarfræðingi skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu næringarrekstrarfræðings gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

**IV. KAFLI**  
**Ýmis ákvæði.**

9. gr.

*Gjaldtaka.*

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfis fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Nr. 1108

11. desember 2012

Um gjaldtöku vegna hvers konar umsýslu landlæknis vegna umsókna um starfsleyfi til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. og vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

10. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um næringarrekstrarfræðinga.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur næringarrekstrarfræðinga á heilbrigðisstofnunum, nr. 873/2006, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 11. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

---

*Vilborg Ingólfssdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2012